

Föstudaginn 20. september 2019 kl. 8:30 var haldinn fundur í Aratungu um mögulega sameiginlega vatnsöflun og stofnveitu fyrir sveitarfélög í uppsveitum og Flóa.

Mætt: Frá Bláskógabyggð:

Helgi Kjartansson, oddviti, Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri, Bjarni D. Danielsson, sviðsstjóri, Benedikt Skúlason, veitustjóri.

Frá Hrunamannahreppi:

Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri, Halldóra Hjörleifsdóttir, oddviti, Hannibal Kjartansson, veitustjóri.

Frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi:

Kristófer Tómasson, sveitarstjóri, Bjarni Jónsson, forstöðumaður þjónustustöðvar.

Frá Grímsnes- og Grafningshreppi:

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri, Ása Valdís Árnadóttir, oddviti.

Frá Flóahreppi:

Árni Eiríksson, oddviti, Eydís Indriðadóttir, sveitarstjóri.

Helgi Kjartansson setti fund og rakti forsögu málsins. Bjarni D Danielsson fór yfir möguleika á aukinni vatnsöflun úr Fljótsbotnum, þar sem núverandi vatnsból Bláskógabyggðar eru. Bláskógabyggð hefur þörf fyrir meira vatnsmagn en aflað er úr Fljótsbotnum í dag. Farið var yfir á korti hvar núverandi vatnsból eru og hvar möguleiki er á að afla meira vatns. Flutningsgetu frá svæðinu þarf að auka. Mögulegt er að afla mun meira vatnsmagns þar en þegar er nýtt og eru vatnsbólín í 195 metra hæð. Sýni sem tekin hafa verið hafa alltaf staðist gæðakröfur. Fyrir nokkrum árum var fundað með Skógræktinni (landeiganda) um vatnsból og lagnaleið. Einhver ágreiningur er um landamerki við aðliggjandi spildur. Til er samningur við landeigendur í Haukadal um afnot af vatnsbólum og lagnaleið. Benedikt Skúlason fór yfir hugsanlegar lagnaleiðir, eftir því hverjir tækju þátt í verkefninu.

Jón gerði grein fyrir vatnsöflun Hrunamannahrepps og framtíðarsýn varðandi þörf fyrir aukna vatnsöflun. Vatnsból hafi gefið eftir í sumar.

Kristófer gerði grein fyrir vatnsveitum Skeiða- og Gnúpverjahrepps og þeim möguleikum sem skoðaðir hafa verið á að afla meira vatns. Nokkrir bæir eru á vatnsveitu Hrunamannahrepps.

Ingibjörg gerði grein fyrir áformum Grímsnes- og Grafningshrepps um að bora eftir köldu vatni í Björk, þar sem brýn þörf sé fyrir meira vatn. Möguleikar eru á vatnsöflun úr Búrfelli og Kaldárhöfða.

Eydís gerði grein fyrir stöðu mála í Flóahreppi, nánast allir eru þar á samveitu. Vatn er fengið úr eigin lindum og úr Árborg. Vatnsverndarsvæði er í einkalandi við Bitru, sem ekki hefur verið virkjað.

Ásta gerði grein fyrir sjónarmiðum Bláskógabyggðar varðandi það að ef fleiri sveitarfélög koma að verkefninu þá verði það unnið þannig að um sameiginlega fjárfestingu verði að ræða, hvort sem það verði í gegnum byggðasamlag eða með öðrum hætti.

Umræður urðu um málið.

Samþykkt var að leggja til við sveitarstjórnir sveitarfélaganna að skipaður verði starfshópur sem verði falið að skoða nánar möguleika á sameiginlegri vatnsöflun og stofnlögn, meta kostnað og vinna þarfagreiningu. Gera þarf ráð fyrir kostnaði við hönnunurvinnu í fjárhagsáætlunum næsta árs og því mikilvægt að það liggi fyrir á næstunni hvaða sveitarfélög hafi áhuga á að taka þátt í verkefninu. Óskað er eftir tilnefningu tveggja til þriggja aðila frá hverju sveitarfélagi í starfshópinn, sem myndi hefja störf í október.

Fundi slitið kl. 10:00